

Starfslýsing, siðameistari

Starf

Siðameistari

Næsti yfirmaður

Skólameistari

Starfshlutfall

40 klst. í yfirvinnu

Tilgangur og markmið starfs

Markmið starfs siðameistara er að tryggja að brautskráning og undirbúningur hennar gangi eins vel og kostur er og sé í samræmi við stefnu skólans og hefðir. Siðameistari skal hafa yfirsýn yfir þau verkefni sem fylgja brautskráningu og aðstoða nemendur og stjórnendur við undirbúning. Hann skipuleggur brautskráninguna ásamt skólameistara og vinnur eftir GL-0009 Gátlisti siðameistara.

Helstu verkefni

- Aðstoða nemendur við undirbúning sparifatakaffis
- Aðstoða nemendur við undirbúning dimissio
- Aðstoða skólameistara við skipulag og undirbúning brautskráningar
- Vera í sambandi við tengiliði afmælisárganga (jubílanta) og vera tengiliður skólans við ræðumenn við brautskráningu
- Útbúa dagskrá brautskráningar
- Skipuleggja verðlaunaafhendingar í samráði við fagstjóra og stjórnendur
- Upplýsa nemendur um skipulag og dagskrá
- Vera í samstarfi við veislustjóra

Ábyrgð

Siðameistari ber, í samvinnu við skólameistara, ábyrgð á dagskrá brautskráningar og undirbúningi hennar. Hann ber ábyrgð á að brautskráningin og aðdragandinn gangi snuðrulaust fyrir sig. Hann sér um að kynna hefðbundna liði fyrir nemendum (sparifatadagur, dimissio) og aðstoða þá við skipulagningu. Siðameistari ber einnig ábyrgð á samskiptum við ræðumenn (fulltrúa afmælisárganga).

Menntun, reynsla og hæfni

Starfsfólk framhaldsskóla skal hafa hreint sakavottorð skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008.

Starfslýsing, siðameistari

Annað

Siðameistara er skylt að rækja starf sitt af alúð og samviskusemi. Hann skal koma stundvíslega til starfa og gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi sínu og forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu og utan þess sem honum er til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á starfið eða starfsgreinina, sbr. 14. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Skylt er siðameistara að hlýða löglegum fyrirskipunum skólameistara um starf sitt, sbr. 15. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Áður en siðameistari stofnar til atvinnurekstrar eða hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila samhliða starfi ber honum að skýra skólameistara frá því, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Siðameistara er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi sbr. 20. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.